



Alþingi  
Erindi nr. P 133/1416  
komudagur 2.3.2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 22. febrúar 2007

Tilvísun: 2007020016

50.03

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um frumvarp um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005**

Saksóknari efnahagsbrota telur frumvarpið leysa úr mörgum álitaeftum varðandi verkaskiptingu lögreglu og Samkeppniseftirlits við rannsóknir mála vegna brota gegn samkeppnislögum. Með frumvarpinu er eytt öllum vafa sem kann að vera uppi í huga sumra um refsíabýrgð einstaklinga. Þar er afmarkað með ágætum hætti hvaða brot geta varðað einstaklinga refsingu og er þar nákvæmari skilgreining á hugtakinu samráð.

Núverandi fyrirkomulag rannsókna er ófullnægjandi þar sem mál hafa verið rannsökuð bæði hjá Samkeppnisstofnun og efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans og rannsóknartíminn því orðið í raun tvöfalt lengri en þörf er á auk þess sem ekki hefur verið tryggt að gætt sé hagsmuna hinnar opinberu rannsóknar s.s. um réttarstöðu sakborninga, yfirheyrslur vitna og að rannsókn væri unnin í samræmi við kröfur laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála.


Saksóknari efnahagsbrota telur að fallast verði á að sú álagning stjórnsluviðurlaga sem samkeppnislög kveða á um og lögð eru á af Samkeppniseftirliti, sem lýtur hinum mildari sönnunarkröfum samkeppnisréttar, er árangursríkara sem úrræði til álagningar viðurlaga en venjuleg dómsmeðferð sakamáls á hendur fyrirtækjunum. Fallist er á að ótækt sé að kveða á um í lögum að lagðar séu á fyrirtæki bæði stjórnvaldssektir og þeim gerð refsing eins og nú er gert, enda kann slíkt að brjóta gegn 4. gr. 7. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Saksóknari efnahagsbrota telur einnig að nauðsynlegt sé að beita fyrirsvarsmenn fyrirtækja refsingum vegna alvarlegri brota gegn lögunum. Slíkt hefur varnaðaráhrif umfram það að félögin séu ein beitt stjórnvaldssektum, enda er það oft svo að framkvæmdastjóri er ekki eigandi fyrirtækisins hann hefur þó oft notið ágóðahlutar af hugsanlegri bættri afkomu fyrirtækisins vegna samráðsbrotar, er því óásættanlegt að hann geti yfirgefið fyrirtæki án ábyrgðar á samkeppnisbrotum sem hann þó stóð fyrir og sem kosta eigendur fyrirtækisins gríðarlega fjámuni í formi stjórnvaldssekta. Í ljósi framangreinds er verkefni laganna að tryggja að saman geti farið rannsóknir Samkeppniseftirlits og lögreglu. Lögini leysa úr þessu að nokkru leyti en augljóst er að saksóknari efnahagsbrota sem annast rannsóknir og ákærumeðferð þessara mála og Samkeppniseftirlit þurfa að taka upp sín á milli verklagsreglur sem enn frekar tryggja að gætt sé hagsmuna þessara tvennskonar rannsókna, sem annars vegar lýtur reglum laga um meðferð opinberra mála og hinsvegar stjórnslulögum. Þetta verður gert verði frumvarpið að lögum.

*Um 5. gr.*

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins rannsakar lögregla ekki samkeppnisbrot nema eftir kæru Samkeppniseftirlits. Vætanlega munu flest eða öll mál vegna brota gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga eiga upphaf sitt hjá Samkeppniseftirlitinu. Mikilvægt er að gætt sé samræmis við afgreiðslur mála og gætt janræðis sakborninga og er ekki gerð athugasemd við efni 1. mgr. 5. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins getur Samkeppniseftirlitið fallið frá kæru sinni til lögreglu á hendur einstaklingi ef hann hefur veitt liðsinni sitt eða fyrirtækið sem hann starfaði hjá til að upplýsa brot. Eins og saksóknari efnahagsbrota skilur þetta ákvæði veitir það Samkeppniseftirliti heimild til að afturkalla kæru sem sett hefur verið fram við lögreglu með þeim afleiðingum að mál verði að fella niður hjá lögreglu, eða í það minnsta gagnvart þeim sakborningi sem í hlut á. Þessi skilningur á ákvæðinu er ekki án vafa en eins má skýra ákvæðið svo að átt sé við að heimilt sé að láta vera að kæra undir þeim kringumstæðum sem nefndar eru í ákvæðinu. Lagt er til að orðalaginu verði breytt þannig að í stað, "Falli má frá kæru á hendur einstaklingi hafi hann..." komi t.d. "Láta má vera að kæra einstakling hafi hann...". Ef fyrri skilningurinn er réttur skiptir engu máli hvar rannsókn lögreglu er stödd þegar fallið er frá kærinni. Kemur því til greina að lögregla verði að hætta rannsókn eftir að kæra hefur verið afturkölluð þrátt fyrir að mál sé full rannsakað. Hér er um mjög óvenjulega reglu að ræða sem getur leitt til óásættanlegrar notkunar á fjámunum til rannsókna sem ekki koma að notum vegna afturköllunar kæru. Almennt geta einstaklingar ekki keypt sig undan refsíabyrgð með því að veita upplýsingar og hefur samstarfsvilji sakborninga um að upplýsa brot leitt til mildunar refsinga en ekki niðurfellingar rannsókna á hendur þeim. Verður að viðurkenna að þetta tæki er mjög mikilvægt í höndum samkeppnisyfirvalda í tilfellum þar sem mál upplýsast að öllu og miklu leyti eingöngu fyrir það að maður veitir atbeina sinn til þess og hefur frumkvæði að því að upplýsa málið. Það má þó ekki beita þessu eftir að rannsókn lögreglu er hafin enda er þetta úrræði mjög á skjön við þær reglur sem gilda í refsirétti.

Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til orðalagsbreytinga á 3. mgr. 5. gr., leggur Saksóknari efnahagsbrota til að frumvarpið verði samþykkt.

  
Helgi Magnus Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota